

## L Ö G

um breyting á lögum um ítölu, nr. 85 16. des. 1943.

43

23. febr.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. mgr. 2. gr. laganna skal orða svo:

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k.  $\frac{1}{4}$  búenda innan sveitarfélags um, að ítöllumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til fundar búenda um málið, en búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess geta í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur búenda hreppsins sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Enginn einn maður hefur meira en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveim eða fleiri jörðum. Þess skal geta í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

*Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*

## L Ö G

um sölu síldarverksmiðjunnar á Sólbakka.

44

23. febr.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja síldarverksmiðjuna á Sólbakka við Önundarfjörð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Áki Jakobsson.*